

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Guðmundar Andrússonar, gullsmíðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. október 1969. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir Sjóð Guðmundar J. Andrússonar, gullsmíðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf Guðmundar J. Andrússonar, gullsmíðs, 24. júní 1968 að fjárhæð kr. 100.000,00 í verðtryggðum spariskírteinum, og síðan við hann aukið samkvæmt ákvæðum erfðaskrár Guðmundar heitins, dags. 11. október 1968, en hann andaðist 11. nóvember 1968. Eignir dánarbús Guðmundar heitins eru nú undir skiptum. Meðan eignum þessum hefur ekki verið komið í verð, er rektor og háskólaritara falið að gæta hagsmuna sjóðsins fyrir hönd háskólaráðs.

2. gr.

Háskólaráð varðveitir sjóðinn, og skal það gert eftir því, sem unnt er í verðtryggðum eignum. Háskólaráð hefur á hendi alla stjórn sjóðsins og ræður styrkveitingum úr honum. Endurskoða skal reikninga sjóðsins með sama hætti og reikninga annarra sjóða, sem Háskóli Íslands á.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða, en tekjur hans skal nota til styrktar efnilegum stúdentum og kandidötum, ættuðum úr sýslunum umhverfis Breiðafjörð, til náms eða rannsókna við Háskóla Íslands, eða í framhaldi af námi þar. Meðan eignum sjóðsins hefur ekki verið komið í verð, er þó heimilt að úthluta árlega allt að kr. 100.000,00, þótt beinar tekjur sjóðsins kunni að vera lægri. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri ára, ef fjárveiting hefur fallið niður.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók Háskólans.